



## 11. fundur stjórnar LH 16. janúar 2014

### haldinn í húsakynnum ÍSÍ

**Mættir aðalmenn:** Haraldur Þórarinnsson (HP), Sigurður Ævarsson (SÆ), Andrea M. Þorvaldsdóttir (AMP), Oddur Hafsteinsson (OH), Erla Guðný Gylfadóttir (EGG), Þorvarður Helgason (ÞH), Sigrún K. Þórðardóttir (SKÞ).

**Varamenn:** Helga Björg Helgadóttir (HBH), Stefán Gunnar Ármannsson (SGÁ), Sigurður Örn Ágústsson (SÖG).

#### 1. Fundargerð 10. fundar

Setja inn dagsetningu í stað xx.xx.xxxx í fundargerðinni, annars samþykkt.

#### 2. Íslandsmótin í sumar – dagsetningar

Fyrir liggur að breyta þurfi dagsetningum vegna skörunar atburða á vegum æskulýðsnefndar LH (Youth Cup) og Íslandsmóta. Eftir nokkra umræðu, lagði HP fram að þá tillögu að mótin yrðu haldin sömu helgina í ágúst eða dagana 13. – 17. ágúst. Var sú tillaga samþykkt af stjórn. Oddur Hafsteinsson leggur til að settar verði fastar dagsetningar fyrir bæði Íslandsmótin, þar sem taka þurfi tillit til atburða svo sem Landsmóts, Heimsmeistaramóts og Norðurlandamóts. Ákveðið var að tillögur að dagsetningum verði kynntar á næsta stjórnarfundi.

#### 3. Landsmót 2016 – samningur

LH mun eiga fund með forsvarsmönnum Gullhyls ehf., formönnum félaganna í Skagafirði og sveitarstjóra sveitarfélagsins, í lok janúar.

#### 4. Viðar Halldórsson - könnun v/ nýliðunarverkefnis

Viðar kynnir verkefni sitt, drög að spurningum í könnun um nýliðunarmál með rannsóknarspurninguna:

*Nýliðun – Hverjar eru ástæður þess að þátttakendur á sumarnámskeiðum hestamannafélaga fara ekki að stunda hestamennsku innan hestamannafélaga í kjölfar námskeiðsins?*

Könnunin verði tvíþætt:

- Viðhorfskönnun fyrir foreldra barna á reiðnámskeiðum, jafnvel hvetja þá til að svara könnuninni með börnum sínum.
- Óformleg könnun meðlima æskulýðsnefnda – póstur sendur til meðlima, opnar spurningar, ca. 9-10 stk.

Skrifstofa fær þessi drög frá Viðari og sendir þau á stjórnina og tekur við athugasemdum frá þeim og kemur til Viðars.

Stjórnarmenn fái forsvarsmenn reiðskóla til samstarfs, maður á mann. Stungið upp á fundi með Viðari í næstu viku til að halda áfram með verkefnið.

#### 5. Hestamannafélagið Blær – breytt lög félagsins

Hestamannafélagið Blær sendi breytt lög félagsins inn til LH, ÚÍA og ÍSÍ. Stjórn LH bíður eftir svörum/umsögnum frá fyrrnefndum aðilum.



6. **Velferðarmál - Sigríður Björnsdóttir & Sigurborg Daðadóttir**

Sigríður og Sigurborg kynntu ný lög um dýravelferð, nýjungar og áherslur.

7. **Landsliðsnefnd LH**

Umræðu frestað til næsta fundar.

8. **Knapaval**

Umræðu frestað til næsta fundar.

9. **Önnur mál**

a. VÍS – samningur endurnýjaður

Skrifað undir samning í dag, 16. janúar. Samningur sem fallin var úr gildi var endurnýjaður með smá breytingum.

b. Mótaröð LH

Vinna er í gangi við Mótaröðina.

c. Worldfengur

Allir félagar aðildarféлага LH geta fengið frían aðgang að Worldfeng. AMÞ kom með athugasemd við „heimaréttina“ í Worldfeng, þ.e. að ólögráða einstaklingar geti þar keypt og selt hross sem þeim er með lögum óheimilt. Oddur Hafsteinsson tekur að sér að hafa samband við BÍ vegna þessa.

d. Fagráð

SGÁ spyr út í tilnefningu Huldu Gústafsdóttur í Fagráð. Haraldur Þórarinnsson formaður bað Huldu að taka sætið til bráðabirgða sem fulltrúi LH. Rætt verður frekar í stjórn LH um framtíðarfulltrúa LH í Fagráði.

e. Stofnun regnhlífarsamtaka íslenska hestsins

SÖG leggur til að myndaður verði starfshópur um stofnun regnhlífarsamtaka um íslenska hestinn með öllum hagsmunaaðilum hestamenskunnar. HÞ segir að þessi vinna sé hafin og vísar í fundi um klasaverkefni innan hestamenskunnar. Það er mjög kostnaðarsamt að setja þetta í gang og skilgreina verkefnið og því er málið ekki komið lengra.

*Fleira ekki fært til bókar.*

*Fundarritari: Hilda Karen Garðarsdóttir*